

M-94/2017. Álit 26. júní 2018.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. júní 2018 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-94/2017.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 20. desember 2017 bað X, fyrir hönd föður síns Z, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina gallaða og krefst skaðabóta vegna kostnaðar við viðgerð að fjárhæð 1.181.286 krónur.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 17. janúar 2018, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild. Frekari athugasemdir bárust nefndinni ekki. Með bréfi, dags. 25. júní 2018 var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-000 af þriðja aðila fyrir milligöngu seljanda þann 14. ágúst 2015 en kaupverðið var 2.200.000 krónur. Bifreiðin er af gerðinni Chevrolet Cruze, árgerð 2012 og var ekin 41.000 km. við kaupin. Þriðji aðili, seljandi bifreiðarinnar, hafði fest kaup á bifreiðinni nýrri af seljanda þann 17. apríl árið 2012. Faðir álitsbeiðanda fékk bifreiðina svo til afnota í lok árs 2016 gegn yfirtöku kaupleigusamnings sem stóð þá í 1.400.000 krónum. Á þeim tíma hafði bifreiðin verið ekin um 60.000 km.

Þann 26. október 2017 gaf sjálfsskiptingin sig í bifreiðinni en þá var bifreiðin um fimm og hálfis árs og ekin 73.350 km. Álitsbeiðandi telur að sjálfsskipting bifreiðarinnar sé haldin galla og að seljanda, sem umboðsaðila bifreiðarinnar, sé skylt að greiða viðgerðarkostnað að fjárhæð 1.181.286 krónur. Seljandi hefur borið fyrir sig að hann beri ekki ábyrgð á bifreiðinni vegna aldurs hennar og þar sem bifreiðin hafi ekki farið í þjónustuskoðun til seljanda. Álitsbeiðandi telur að sjálfsskipting sem gefur sig eftir aðeins 73.350 km. akstur hljóti að vera haldin galla og svari ekki lágmarksvæntingum um endingu bifreiðar. Þá hafi sjálfsskiptingar í þessari tegund bifreiða verið „til vandræða“ og seljanda sé kunnugt um það. Bifreiðin hefur farið í reglulegar þjónustuskoðanir og viðhaldi hafi verið vel sinnt.

Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði viðgerðarkostnað að fjárhæð 1.181.286 krónur.

IV

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina XX-000 af þriðja aðila þann 14. ágúst 2015 fyrir 2.200.000 krónur. Bifreiðin er árgerð 2012 og var því um þriggja ára og

hafði verið ekin 41.000 km. á kaupdegi. Bifreiðin var upphaflega seld til þriðja aðilans þann 17. apríl 2012. Um fimm árum og sex mánuðum eftir að bifreiðin var upphaflega seld frá seljanda gaf sjálfsskipting bifreiðarinnar sig eða þann 26. október árið 2017.

Kærunefndin álitur að ákvæði 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) eigi við um ágreining málsins, en ákvæðið er svohljóðandi:

„Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. málsl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.“

Kærunefndin lítur svo á að sjálfsskiptingu bifreiðar sé ætlað verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti og því eigi fimm ára tilkynningarfrestur við í málinu. Líkt og áður segir voru fimm og hálf ár frá því að bifreiðin var upphaflega seld frá seljanda þegar sjálfsskipting bifreiðarinnar bilaði þann 26. október 2017 og leitaði álitsbeiðandi til seljanda vegna bilunarinnar eftir þann tíma.

Af framangreindu er ljóst að tilkynningarfrestur vegna galla var liðinn þegar bifreiðin bilaði og seljanda var gert viðvart um bilunina. Kærunefndin getur því ekki annað en hafnað kröfu álitsbeiðanda um greiðslu skaðabóta vegna viðgerðarkostnaðar.

V

Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson